

Menntaskólinn í Reykjavík, 15.02.2017.

Foreldraráðsfundur haldinn á kennarastofu MR kl. 17:15. Mættir voru, María Soffía Gottfreðsdóttir, formaður, Gylfi Magnússon, Sigrún Hildur Kristjánsdóttir, Yngvi Pétursson, rektor, Kristín Ólafsdóttir, Þórður Helgason, Magnús Gottfreðsson og Kristín Halldórsdóttir.

Formaður kvaddi sér hljóðs og sagði frá bréfi sem hafði borist frá foreldri nemenda í nýja fjórðabekk, IV, samkvæmt nýrri skipan um styttingu náms í framhaldsskólum landsins. Þar er lýst yfir áhyggjum á álagi nemenda og óskað eftir opnum fundi foreldra með foreldraráði og stjórnendum skólans. Rektor sagði að skólinn hefði ekki slakað á kröfum sínum til nemenda en það væri vissulega mikið að gera bæði hjá nemendum. Ekki síður væri álag innan skólans mikið við að aðlaga sig að breyttum kröfum og nýju skipulagi. Ákveðið var að boða til fundar þessu tengdu en tími ekki fastlagður. Rektor hafði á orði að núverandi IV. bekkur væri annars afar sterkur þrátt fyrir mikið álag.

Foreldraráðið hefur ekki sent út rúkkun vegna greiðslna til foreldrafélagsins fyrir árið 2016-2017. Úr varð að senda hann sem fyrst og óska eftir því að foreldrar leggðu inn 4000 kr. á reikning félagsins. Athuga á í vor hvort foreldrafélagið styrki skólann sérstaklega eða einstaka nemendur vegna keppnisferða. Fram kom að Hollvinafélagið hefði styrkt skólann rausnarlega hvað varðar tölvur í tölvuveri og þráðlaust net í stofur.

Fræðslufund foreldrafélagsins bar næst á góma og var stefnt á að hann yrði 15. mars nk. kl. 20:00. Samþykkt var að umræðuefnið yrði svefn og svefnvenjur ungmenna. Ætlunin er að hafa samband við tvo aðila sem koma að slíkum rannsóknum til að athuga hvort þeir geti haldið fyrirlestra.

Fundarmenn ræddu um menntun almennt, íslensku og dönskukennslu ásamt nýtt bókstafaefnkunnakerfi. Sitt sýndist hverjum. Fundarmenn eru enn ósáttir við styttingu náms til stúdentsprófs. Áhugi var á að ræða við nýjan menntamálaráðherra um hvort enn væri möguleiki á tillögum MR því tengdu, þ.e. að taka við umsóknum nemenda upp úr 9.bekk grunnskóla og sameina þannig 10. bekkinn og 3.bekk MR. Menntu voru almennt sammála því að hægt væri að finna lausn á þessu ef vilji væri fyrir hendi.

Þessu tengdu voru allir uggandi yfir því sem mætti kalla andvaraleysi háskólanna varðandi fjölda útskrifaðra nemenda eftir 1 og ½ ár. Einnig á eftir að koma í ljós hvernig stytting náms í framhaldsskólum birtist í sjálfu háskólanáminu.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi því slitið klukkan 18:30.

Kristín Halldórsdóttir, ritari.